

Stjórnarfundur SÍK, 21. júní 2016

Mættir allir nema Hermann og Sveinn.

Ólafur las Jer 7,5-7. Sambæn.

1. Fundargerðir

- a. Síðasta fundargerð, engin athugasemd
- b. Starfsmannafundur, engin athugasemd.

2. Basarnefnd

- a. Breytingar á starfsreglum nefndarinnar í samræmi við fyrri samþykkt um að þær yrðu endurskoðaðar. Farið var yfir breytingatillögur og þær samþykktar: fjórir til fimm sitji í nefndinni. Stjórnin velur formann nefndarinnar.
- b. Staðfest var skipun í nefndina til tveggja ára: Formaður er valinn Ólafur Jóhannsson, aðrir meðlimir eru Ragnhildur Gunnarsdóttir (hefur verið ritari), Hermann Bjarnason, Rúna Þráinsdóttir og Jón Pálmi Davíðsson er nýr.

3. Fjármál

- a. Staða og horfur. Tekjur hafa ekki verið eins miklar og reiknað hefur verið með. Sumargjöfin hefur ekki enn farið að skila sér að ráði. Það er því þörf á að vera á verði yfir tekjum og gjöldum.
- b. Framlög Þjóðkirkjunnar til SÍK. Ólafur fór yfir bakgrunn lækkunarinnar. Hvatt er til að sækja í Kristnisjóð eftir að sjóðum kirkjunnar hefur verið skipt upp. Almennur velvilji er gagnvart starfi SÍK í kirkjuráði. Við fengum upphaflega 2 mkr sem lækkaði í hruninu en var svo leiðrétt á ný. Það er hlutverk kirkjunnar að vinna að kristniboði og starf SÍK hefur verið unnið m.a. í samstarfi við kirkjuna með þeirra styrk sem SÍK er þakklátt fyrir. Sótt hefur verið um 5 mkr til kirkjunnar.
- c. Menntunarsjóður/skólalæknisráðgjafi. Hægt er að gefa sérstaklega í sjóðinn og tekjur og gjöld yrðu vegin í árslok, þ.a. afgangur yrði færður á sérstakan sjóð í efnahagsreikningi SÍK þ.a. staðan sæist í ársreikningum (færast ekki á eigið fé SÍK). Menntasjóður í bókhaldinu yrði þá skráður í bókhaldskerfið.
- d. Beiðni um skólalæknisráðgjafi hefur komið frá Pókot. Best væri að deila út einhverjum styrk úr Liljusjóð fyrir hvort land.
- e. Nauðsynlegt er að fá skýrslu um hvernig peningar sem sendir hafa verið hafa verið notaðir.

4. Eþíópía.

Fjármagn fyrir ráðningu á innlendum starfsmanni (Lago) til að fylgja eftir lestrarstarfi og útbreiðslustarfi. Það þarf að ræða þetta við NLM/DLM um útbreiðsluframlag þeirra. Hver hefur notað þann styrk sem við höfum lagt til SWS til að styðja þetta starf? (30 þúsund birr/ár, eyrnamerkt Omo Rate). Hefur SWS fylgt þessu eftir? Hvað kom út úr því (4 ferðir á ári)? Ragnar spyrst fyrir um þetta. Við viljum helst að þetta starf geti haldið áfram.

5. Sérstök tengsl stjórnarfólks við ákveðna þætti starfsins.

- a. Til viðbótar því sem kom fram á síðasta fundi: Ásta er til í að tengjast Grikklandi og Búlgaríu og Kristján tengist Eþíópíu. Gulli tekur Kína (Norea radio og starfið sem okkar fólk tók þátt í). Ólafur tengist Keníu ásamt Sveini.

6. Heimastarfið

- a. Fastir liðir, kristniboðsfélög karla, kvenna og Salt ks, KSH, Eþíópasamfélagið. Hvernig getum við orðið alþjóðlegri? Alltaf er túlkað á ensku hjá Salti ks.
- b. Farið var yfir kristniboðsfélögin, hver eru starfandi og hve mikið. Hugsanlega mætti tengja fjölskyldustarfið sem kristniboðshóp. NLM er með áherslu á safnaðarstarf og kristniboðshópa innan þeirra á hverjum stað. Þurfum etv að læra af þeim. Akranes, Vestmannaeyjar og Keflavík eru staðir sem áður voru virkari en nú. Má ekki virka yfirþyrmandi að stofna félög. Lög eða reglur félaga geta verið mjög einföld.
- c. Einstaklingsaðilar eru líka óplægður akur. Hringja þarf í KRUNG fara og börn kristniboða og bjóða aðild að SÍK.
- d. Ungir kristniboðsvinir. Við viljum vinna að því að tengja ungafólkið við SÍK. Við verðum að sinna ungu fólki og koma til móts við það.

7. Ýmis erindi

- a. Margrét Jóhannesar sækir ráðstefnu Nordisk Indremisjonsraad um innflytjendur í 19.-21. ágúst.
- b. Boð Janet Sewell um kynnisferð til Grikklands til að sjá hvaða starf hún hefur verið að styrkja. Þetta er vikuférf í 2.-9. nóvember.
- c. Sameiginlegur bæklingur um erfðagjafir. Annars vegar er um að ræða líknarsamtök innan Almannaheilla hins vegar bækling á vegum þeirra 8 félaga sem eru innan samstarfshóps um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Við getum haft upplýsingar um þetta á eigin heimasíðu og boðið lögræðiaðstoð ef við gætum boðið slíkt án endurgjalds. Við viljum taka þátt í sameiginlegum bæklingi en mikilvægt að okkar nafn og upplýsingar komi fram.

8. **Næsti fundur:** 23. ágúst kl 17:00

9. Önnur mál

- a. Endurskoðandi. Jón Kristinn er jákvæður. Þarf að kanna betur. Háð því að það verði hann sem geti gert þetta en ekki fyrirtækið. Ragnar ræðir við hann.
- b. Bókhalddskerfið, en Gunnar endurskoðandi lagði til að við breytum til. Þetta þarf að ræða við gjaldkera og bókkara. Hagkvæmni er í fyrirrúmi.
- c. Afritun gagna. Skoða þarf hver besta lausnin er. Við viljum hafa öryggið eins tryggt og unnt er, verðið má ekki ráða öllu. Gulli skoðar með Hermanni Inga.

Fundurinn endaði með bæn.